


Stimpilklukka vefsíða



Útlit á stimpilklukkusíðu (fyrir demo fyrirtækið Unit ehf)

Dálkar


Stimpilklukkan sýnir þrjá dálka; **Innstimplun**, **Innskráðir** og **Útskráðir**.

Innskráðir

Sýnir lista af þeim starfsmönnum sem eru skráðir inn. Þar birtast einnig upplýsingar eins og Athugasemd, Verkheiti og verknúmer, tegund stimplunar, dagsetning og tími innstimplunar.

Útskráðir


Sýnir lista af þeim starfsmönnum sem eru útskráðir. Í þeim lista birtist aðeins nafn og mynd.



Hjalti er skráður inn á verk og hefur sett Athugasemd. Ágúst er ekki skráður inn á verk og hefur aðeins skráð Athugasemd.

Athugið

Ef búið er að tengja netfang við starfsmanninn mun verða uppfletting með **Gravatar** til að reyna finna mynd til að sýna. Mynd þeirra starfsmanna sem hafa tengt netfang sitt í gegnum Gravatar mun því verða sýnileg á **Innskráðir** / **Útskráðir** listanum.




Innstimplunar gluggi þar sem **Athugasemd** er eini valkosturinn umfram tegund stimplunar.


Innstimplunar gluggi þar sem **Verk** hefur verið gert **skilyrt** (í stillingum) en **Athugasemd** og **Verkþáttur** eru valkvæðir reitir.

Stimplanir


Þegar stimplun hefur átt sér stað birtast skilaboð **uppi í hægra horni** sem gefur til kynna hvort stimplun hafi tekist (inn og út stimplanir) eða villa hafi komið upp.

 **Innstimplun!** ✕
Hjalti þór hefur verið skráð/ur á
verkið: Talning á lager (00835).

Starfsmaður var stimplaður inn á verk.

 **Útstimplun!**
Hjalti þór hefur verið skráð/ur út.

Starfsmaður var stimplaður út.

 **Starfsmaður fannst ekki!** ✕
Starfsmannanúmer fannst ekki í
fyrirtækinu Unit ehf.

*Ógilt starfsmannanúmer hefur verið slegið
inn.*